

Nd.

654. Nefndarálit

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í nefndaráliti og í umræðum um frv. til l. um breyting á lögnum um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. þingi gerðum við undirritaðir nefndarmenn ítarlega grein fyrir meginsjónarmiðum Sjálfstæðisflokksins í þessum efnnum og fluttum breytingartillögum þar að lútandi í framhaldi af þeirri skattalöggjöf, sem fyrrv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar höfðu beitt sér fyrir.

Harðlega voru gagnrýnd þau breyttu vinnubrögð svo og sjónarmið, sem lágu til grundvallar þeim breytingum, sem ríkisstjórnin vildi koma fram á þeirri löggjöf, sem sett var 1971.

Á það var bent, að þær breytingar, sem ríkisstjórnin hygðist gera, yrðu til þess að gera stöðu atvinnuveganna lakari, sérstaklega iðnaðarins með tilliti til innngöngu Íslands í EFTA og þeirra viðskiptasamninga, sem við nú höfum gert við Efnahagsbandalagið.

Þá var gerð glögg grein fyrir því, hversu skattbyrði einstaklinga væri þyngd með tillögum ríkisstjórnarinnar, og sérstaklega vakin athygli þingmeirihlutans á því, hver yrði hlutur aldraðra og öryrkja með hinni nýju skattastefnu.

Á það var ekki hlustað og allar tillögur felldar.

Við 1. umr. frv. þessa var gerð grein fyrir því, hversu reynslan hefur staðfest, að öll gagnrýni stjórnarandstöðunnar á s. l. ári var á rökum reist.

Það kom m. a. fram, þrátt fyrir fullyrðingar stjórnarsinna um lækkun skatta, að skattinnheimta hefur aldrei verið jafnmikil og í tíð núverandi stjórnar. Á tekjur fólks 1971 var álagður tekju- og eignarskattur 4449 millj. í stað 1525 millj. 1970.

Af tekjum fólks 1971 var tekið í opinber gjöld 20% í stað 18.1% 1970.

Tafla frá Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild, sem prentuð er sem fylgiskjal, sýnir staðreyndir þessa máls, svo að ekki verður um villzt.

Frumvarp það, sem fyrir liggur, er þó gleggsta dæmið um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar.

Þegar fyrir lá álagning skatta s. l. vor, kom í ljós, að skattbyrði aldraðra og öryrkja, hafði rúmlega tvöfaldast.

Fjölmargir mótmæltu þessum álögum, þ. á m. miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem skoraði á ríkisstjórnina að rétta hlut aldraðra og öryrkja þegar í stað með útgáfu bráðabirgðalaga. Er samþykkt miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins frá 1. ágúst 1972 birt sem fylgiskjal, en hún var send ríkisstjórninni.

Ríkisstjórnin sá sig tilneydda að gera bragarbót á þessu með því að gefa út bráðabirgðalög þar að lútandi.

Því miður gengu þau lög of skammt, auk þess sem misræmis gætir við skattlagningu skv. þeim. Því fluttum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd við 1. umr. málsins tillögu til breytingar á frumvarpinu, þar sem lagt er til, að upp sé tekið í skattalögin í framhaldi af sérstöku ákvæði í löggjöfinni frá 1971, með tilliti til þeirra breytinga, sem gerðar voru á lögnum um almannatryggingar á s.l. ári, að elli- og örorkulífeyrir skv. almannatryggingalögum, nr. 67/1971, sé undanþeginn skattlagningu, og kemur tillaga þessi til afgreiðslu nú við 2. umr.

Verði tillaga þessi felld, munum við engu að síður greiða atkvæði með frumvarpinu, en munum við 3. umr. freista þess að bera fram aðrar breytingartillögur og reyna til hins ítrasta að fá bættan hag þeirra þjóðfélagsþegna, sem minnst mega sín.

Í framsögu verður gerð grein fyrir afstöðu til breytingartillagna, er form. nefndarinnar flytur á þskj. 614, svo og annarra frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason.  
frsm.

### Fylgiskjal I.

#### FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS Hagrannsóknadeild

28. marz 1972.

#### Lausleg áætlun um heildarskattbyrði einstaklinga 1965—1972.

	Brúttótekjur M.kr.	Álagðir skattar <sup>1)</sup> M.kr.	Álagðir skattar % af tekjum fyrri ára %	Álagðir skattar % af tekjum greiðsluárs %
1964 .....	10 710	—	—	—
1965 .....	13 150	1 496	14.0	11.4
1966 .....	15 600	1 997	15.2	12.8
1967 .....	16 260	2 279	14.6	14.0
1968 .....	17 330	2 580	15.9	14.9
1969 .....	19 950	2 946	17.0	14.8
1970 .....	25 652	3 410	17.1	13.3
1971 .....	32 900	4 651	18.1	14.1
1972 <sup>2)</sup> .....	42 200	6 600	20.1	15.6

### Fylgiskjal II.

Á fundi miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, þann 1. ágúst 1972, var eftirfarandi ályktun gjörð:

„Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins vekur athygli á, að fram er komið, að hin nýja skattalöggjöf felur í sér óhæfilegar skattaálögur á almenning, eins og málsvarar Sjálfstæðisflokksins voruðu við, þegar hin nýja skattalöggjöf var til meðferðar á Alþingi.

Sérstaklega eru skattaálögur þessar þungbærar elli- og örorkulífeyrisþegum, sem lítill úrræði hafa til þess að auka tekjur sínar. Vandkvæði eldra fólksins og öryrkja

1) Tekju- og eignarskattur ásamt byggingarsjóðsgjaldi, tekju- og eignarútsvar, fasteignaskattur, almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald.

2) Aukin útgjöld almannatrygginga vegna hinnar miklu hækkunar á bótum almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, er komu til framkvæmda 1. ágúst s. l., og samkvæmt breytingum á þessum lögum frá 27. des. s. l., hljóta óhjákvæmilega að leiða til aukinnar skattbyrði einstaklinga á árinu 1972. Samkvæmt mjög lauslegri áætlun má gera ráð fyrir, að heildarskattbyrði einstaklinga þungist af þessum sökum nálægt 0.7% m. v. tekjur fyrri árs og um 0.5% m. v. tekjur greiðsluárs; þ. e. um þriðjungur skattbyrðaraukningar m. v. tekjuár og nær helmingur m. v. greiðsluár eru af þessum ástæðum. Einnig má benda á, að útgjaldaaukning ríkis og sveitarfélaga vegna launahækkunar opinberra starfsmanna eftir samninga í des. 1971 hlýtur að orsaka nokkra aukningu heildarskattbyrðar, en laun opinberra starfsmanna hafa hækkað mun meira en atvinnutekjur almennt.

af þessum sökum eru svo alvarleg, að miðstjórnin telur brýna nauðsyn bera til þess að ríkisstjórnin geri nú þegar ráðstafanir til þess að létta byrðar þessa fólks, m. a. með því að lögfesta með bráðabirgðalögum að nýju hinn sérstaka persónufrádrátt til handa ellilífeyrisþegum, sem fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir, að lögfestur var á þinginu 1970—1971 og nam  $\frac{2}{3}$  af persónufrádrætti, 58 þús. kr. hjá einstaklingum og 116 þús. kr. hjá hjónum, en þessi viðbótarfrádráttur var felldur niður með skattalöggjöfinni á síðasta þingi. Enn fremur verði aukafrádráttur þessi veittur örorkulífeyrisþegum, eins og gert var ráð fyrir í breytingartillögum sjálfstæðismanna á s. l. vetri. Bendir miðstjórnin á, að sérstakar ráðstafanir til hagsbóta elli- og örorkulífeyrisþegum raska væntanlega ekki tekjuöflun ríkissjóðs samkv. gildandi fjálögum, þar sem ástæða er til að ætla, að ríkissjóður fái meiri tekjur af tekjuskatti á þessu ári en fjárlög gera ráð fyrir.

Jafnframt leggur miðstjórn Sjálfstæðisflokksins áherzlu á, að skattalöggjöfin, sem sett var á síðasta Alþingi, verði tekin til raunhæfrar heildarendurskoðunar nú þegar í samræmi við þá meginstefnu í skattamálum, er fólst í tillögum sjálfstæðismanna á Alþingi s. l. vetur. Bendir miðstjórnin m. a. á brýna nauðsyn endurskoðunar ákvæða vinnurekstrar. Tillögur til breytinga verða lagðar fyrir Alþingi, strax og það kemur saman í haust. Til þess að svo megi verða, þarf fullskipuð nefnd allra þingflokka og hlutaðeigandi aðila að öðru leyti, svo sem Sambands ísl. sveitarfélaga, að eiga þess kost að hafa málin til meðferðar og tillögugerðar.“

Virðingarfyllst,

Jóhann Hafstein, formaður.

Til:

Ríkisstjórnar Íslands,  
Stjórnarráðshúsinu,  
Reykjavík.